# Flutningur verkefna til sýslumannsembætta

## Samantekt og aðgerðaáætlun

**Janúar 2015**

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðið, janúar 2015

Ábyrgðarmenn verkefnis: Arnar Þór Másson, forsætisráðuneyti og Ingilín Kristmannsdóttir, innanríkisráðuneyti.

Verkefnisstjórar: Ingilín Kristmannsdóttir gagnvart innanríkisráðuneyti og Guðný Finnsdóttir gagnvart öðrum ráðuneytum.

Tengiliðir úr ráðuneytum:
Arnheiður Ingjaldsdóttir, innanríkisráðuneyti
Bolli Þór Bollason, velferðarráðuneyti
Gísli Þ. Magnússon, menntamálaráðuneyti
Guðrún Gísladóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Hanna Dóra Másdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Harald Aspelund utanríkisráðuneyti
Hrönn Ottósdóttir, velferðarráðuneyti
Hugi Ólafsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Sigurður H. Helgason, fjármála- og efnahagsráðuneyti
Sverrir Jónsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti

Aðrir þátttakendur:
Sýslumenn
Þjóðskrá Íslands
Ýmsar stofnanir

# Efnisyfirlit

Samantekt....................................................................3

Aðgerðaáætlun....................................................................4

Viðauki 1. Svör frá ráðuneytum....................................................................15

Viðauki 2. Hugmyndir frá sýslumönnum sem náðu ekki fram að ganga ....................................................................17

Viðauki 3. Minnisblað tollstjóra fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið ....................................................................36

## Samantekt

Með nýjum lögum um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkis í héraði sem samþykkt voru á Alþingi hinn 22. maí 2014 var ákveðin ný skipan sýslumannsembætta í landinu. Nýskipanin tók gildi hinn 1. janúar 2015 og felst fyrst og fremst í því að verkefni sýslumanna og lögreglu eru aðskilin og umdæmi sýslumanna eru 9 í stað 24 áður. Í kjölfar þessa eru embættin öflugri og betur í stakk búin til að taka við nýjum verkefnum. Fjöldi þjónustustöðva er aftur á móti óbreyttur og er þjónusta sýslumanna aðgengileg íbúum á 29 stöðum víðs vegar um landið.

Í bráðabirgðaákvæði laganna er kveðið á um að innanríkisráðherra skuli í samstarfi við forsætisráðherra láta semja aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð skulu þau stjórnsýsluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem talið er ákjósanlegt að flutt verði til embætta sýslumanna. Skal aðgerðaáætlun um flutning tilgreindra verkefna liggja fyrir ekki síðar en 1. janúar 2015.

Hinn 23. maí 2014 lagði innanríkisráðherra fram minnisblað í ríkisstjórn þar sem ráðherrar voru upplýstir um þær breytingar sem nýsamþykkt lög fælu í sér og óskað ráðherra eftir samvinnu um flutning verkefna til sýslumanna. Minnisblaðinu var fylgt eftir með bréfi til allra ráðherra 5. september 2014. Á fundi með tengiliðum ráðuneytanna þann 2. október 2014 var verkefnaáætlun kynnt og gögn sem talin voru gagnleg við skipulag verkefnisins og gerð aðgerðaáætlunar lögð fram. Frá 7. nóvember hefur verkefnisstjóri á vegum innanríkisráðuneytis og forsætisráðuneytis haft því hlutverki að gegna að fylgja málinu eftir gagnvart ráðuneytunum og aðstoða þau í að leggja til möguleg viðfangsefni í aðgerðaáætlunina eftir þörfum hvers og eins. Tengiliðir ráðuneytanna höfðu samband við þær stofnanir sem heyrðu undir þeirra ráðuneyti.

Aðgerðaáætlun liggur fyrir. Verkefnin sem áætlað er að flytja til sýslumanna eru 19 talsins.

Nú þegar hefur eitt verkefni verið flutt og á fyrri helmingi 2015 er stefnt að því að sjö til viðbótar færist til sýslumanna. Unnið er að lagabreytingum svo það nái fram að ganga. Til greina kemur að færa 8 verkefni frá Þjóðskrá Íslands til sýslumanna en það krefst í flestum tilvikum breytinga á tölvukerfum Þjóðskrár og kerfisgerð hjá sýslumannsembættum. Tvö verkefni eru á áætlun næsta vetur og enn eitt verkefnið er nýtt og verður unnið af sýslumanni ef fjárveiting fæst. Nýja verkefnið felst í því að birting reglugerða verði með sambærilegum hætti og lög í hinu rafræna lagasafni sem uppfært er tvisvar á ári. Þá eru breytingar færðar inn í lögin og því ekki þörf á að samlesa lög og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Þörf er á sama vinnulagi fyrir reglugerðir.

Öll verkefni sem finna má í aðgerðaáætluninni koma frá innanríkisráðuneytinu og stofnunum þess.

Svör ráðuneytanna má finna í viðauka 1 og í viðauka 2 má sjá hugmyndir sýslumanna sem ekki náðu fram að ganga.

# Aðgerðaáætlun

**1.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Gjafsóknarleyfi** |
| Lýsing verkefnis: | Gjafsóknarleyfi færist frá innanríkisráðuneytinu til sýslumanns. Verkefnið er á forræði innanríkisráðuneytis skv. lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá er nánar fjallað um gjafsókn í reglugerð nr. 43/2008. Ráðherra er eingöngu heimilt að veita gjafsókn mæli gjafsóknarnefnd, sem ráðherra skipar, með því. Umsóknir um gjafsókn eru ríflega 500 ár hvert. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri innanríkisráðuneytis og Ólafur K. Ólafsson sýslumaður á Vesturlandi. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Sýslumaðurinn á Vesturlandi. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Janúar 2015 flyst hluti verkefnisins, en lagabreytingu þarf til að flytja verkefnið alfarið. |
| Kostnaður: | Kostnaður við gjafsóknarnefnd breytist ekki. Verkefni sem unnin hafa verið í ráðuneytinu flytjast að miklu leyti m.a. samskipti við gjafsóknarnefnd, yfirferð og samþykkt reikninga o.fl. Í janúar 2015 tekur gildi þjónustusamningur við embætti sýslumannsins á Vesturlandi. Á vorþingi 2015 verður lagt fram frumvarp á Alþingi sem kveður á um að sýslumaðurinn á Vesturlandi veiti gjafsóknarleyfi og að gjafsóknarnefnd verði sjálfstæð úrskurðarnefnd. Fjárheimildir munu flytjast frá innanríkisráðuneytinu til embætti sýslumannsins á Vesturlandi. Fjölgun um 1 stöðugildi sérfræðings hjá sýslumanni. |
| Þarf lagabreytingu? | Í fyrstu er hægt að flytja hluta verkefnisins með þjónustusamningi, en breyta þarf lögum um meðferð einkamála nr. 43/2008 til að flytja verkefnið alfarið. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 3 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 2 |
| Næstu skref: | Leggja fram frumvarp á Alþingi. |

**2.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Löggilding á réttindum til ökukennslu** |
| Lýsing verkefnis: | Sýslumaður gefur út löggildingu til ökukennslu alls staðar nema í Reykjavík þar sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með það hlutverk. Færa hlutverkið frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu til sýslumannsins í Reykjavík. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Skúli Þór Gunnsteinsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneyti og Þórólfur Halldórsson sýslumaður í Reykjavík. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin – Stefnt að 1. apríl 2015. |
| Kostnaður: | Í vinnslu. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanns. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á 1. mgr. 56. gr. Umferðarlaga. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 2 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 2 |
| Næstu skref: | Gera nánari greiningu á umfangi, kostnaðarmat og frumvarp. |

**3.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Leyfi til aksturskeppna** |
| Lýsing verkefnis: | Lögreglustjórar veita leyfi til aksturskeppna skv. umferðarlögum. Færa yfir til sýslumanna. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Skúli Þór Gunnsteinsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneyti og stjórn sýslumannafélagsins. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Sýslumenn um allt land. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin. Stefnt að 1. apríl 2015. |
| Kostnaður: | Í vinnslu. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanna. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á umferðarlögum. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Gera nánari greiningu á umfangi, kostnaðarmat og frumvarp. |

**4.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Leyfi til að halda samkomur þegar helgidagafriður á að ríkja** |
| Lýsing verkefnis: | Lögreglustjórar veita leyfi til að halda samkomur á þeim tíma er helgidagafriður á að ríkja. Færa yfir til sýslumanna. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Ríkislögreglustjóri, sýslumannafélagið, ráðuneyti |
| Heiti sýslumannsembættis: | Allir sýslumenn |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin. Stefnt að 1. apríl 2015 |
| Kostnaður: | Í vinnslu. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanna. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á lögum um helgidagafrið. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Gera nánari greiningu á umfangi, kostnaðarmat og frumvarp. |

**5.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Tilkynning um starfrækslu prentsmiðju** |
| Lýsing verkefnis: | Skylt er að tilkynna lögreglustjóra um starfrækslu prentsmiðju. Færa til sýslumanna. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Skúli Þór Gunnsteinsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu og stjórn sýslumannafélagsins. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Allir sýslumenn. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin. Stefnt að 1. apríl 2015. |
| Kostnaður: | Óverulegur. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanna. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á lögum um prentrétt. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Gera nánari greiningu á umfangi, kostnaðarmat og frumvarp. |

**6.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Eftirlit skv. lögum um aðsetursskipti** |
| Lýsing verkefnis: | Lögreglustjórar fara með eftirlit, hver í sínu umdæmi, með fyrirmælum laga nr. 73/1952. Færa yfir til sýslumanna. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Skúli Þór Gunnsteinsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu og stjórn sýslumannafélagsins. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Allir sýslumenn. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin. Stefnt að 1. apríl 2015. |
| Kostnaður: | Í vinnslu. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanna. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á lögum um aðsetursskipti. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Greina umfang, kostnaðarmat og frumvarp. |

**7.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Stöðvun starfsemi** |
| Lýsing verkefnis: | Víða í lögum er gert ráð fyrir því að lögregla stöðvi atvinnurekstur, vinnu o.s.frv. og innsigli vinnustaði að beiðni innheimtumanns eða annars stjórnvalds. Í þeim tilvikum getur lögreglan verið að loka starfstöð án þess að valdbeitingar sé þörf, þ.e. starfsmenn starfstöðvar eru samvinnuþýðir við lokun og ekki þarf að koma til valdbeitingar. Ljóst er að sýslumenn fara með opinbert vald þrátt fyrir að hafa ekki valdbeitingarheimildir. Skoða þarf gaumgæfilega hvort hægt sé að fela sýslumönnum þetta hlutverk í stað lögreglu og sýslumaður, eftir atvikum, kallaði eftir aðstoð lögreglu ef þörf væri á að vinna bug á hindrunum við að sinna verkefninu. Þannig mætti skoða hvort það samræmdist ekki betur reglum um meðalhóf að reyna að loka starfstöð án þess að kalla til lögreglu. Þörf er á að breyta ýmsum lögum verði þetta að veruleika, s.s. lögum um gistináttaskatt, lögum um gjald á áfengi og tóbaki, lög um persónuvernd, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um starfsmannaleigu o.fl. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Skúli Þór Gunnsteinsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu og stjórn sýslumannafélagsins. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Allir sýslumenn. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ekki ákveðin. Stefnt að 1. apríl 2015. |
| Kostnaður: | Í vinnslu. Fjárveiting flyst frá lögreglu til sýslumanna. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyting á ýmsum lögum. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 2 |
| Næstu skref: | Greina umfang, kostnaðarmat og frumvarp. |

**8.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Auðkennahreinsun úrskurða og innsetning á lokaðan vef sýslumanna** |
| Lýsing verkefnis: | Innanríkisráðuneytið birtir úrskurði á vefnum urskurdur.is, þó ekki úrskurði sem varða viðkvæma persónuhagi einstaklinga. Úrskurðir í sifjamálum hafa hins vegar verið auðkennahreinsaðir og birtir á lokuðum vef fyrir sýslumenn. Starfsmaður innanríkisráðuneytisins hefur annast þetta. Lagt er til að verkefnið verði falið ákveðnu sýslumannsembætti. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu |
| Heiti sýslumannsembættis: | T.d. sýslumaðurinn á Vestfjörðum, í Vestmannaeyjum eða á Suðurlandi. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Fyrsti ársfjórðungur 2015. |
| Kostnaður: | Óverulegur. |
| Þarf lagabreytingu? | Nei |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Kanna áhuga og semja um flutning verkefnisins. |

**9.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Reglugerðarsafn fært í sama form og rafræna lagasafnið** |
| Lýsing verkefnis: | Mikilvæg réttarbót fælist í því að birting reglugerða verði í samskonar samfellu og lög í hinu rafræna lagasafni sem uppfært er tvisvar á ári. Þá eru breytingar færðar inn í lögin og því ekki þörf á að samlesa lög og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Þess er enn þörf fyrir reglugerðir. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneyti. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að einu sýslumannsembætti verði falið verkefnið. Um er að ræða mikla nákvæmnisvinnu. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Getur komið til framkvæmda **ef** fjármagn fæst. Engu fjármagni er varið til verkefnisins í dag. |
| Kostnaður: | Meta þarf kostnað við framtíðarfyrirkomulag. Gróf áætlun gerir ráð fyrir starfsmanni í fullri vinnu ca. 7 m.kr. á ári. |
| Þarf lagabreytingu? | Ath. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Eiga samráð við önnur ráðuneyti og afla fjármagns fyrir verkefnið.<br>Athuga hvort samstaða sé um að fjárveiting til útgáfu prentaðs lagasafns að fjárhæð 2,5 m.kr. á ári sé betur nýtt í rafrænt reglugerðarsafn. Lagasafnið var síðast gefið út árið 2007 og nemur uppsöfnuð fjárheimild ca. 10 m.kr. |

**10.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Innheimta meðlaga** |
| Lýsing verkefnis: | KPMG vinnur nú að því fyrir innanríkisráðuneytið að meta faglegan og fjárhagslegan ávinning af því að gera breytingar á fyrirkomulagi við innheimtu meðlaga, sem verið hefur verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í þeirri athugun eru einkum skoðaðir þeir möguleikar að færa verkefnin til sýslumanns eða Tryggingarstofnunar ríkisins.<br><br>Lög sem málið varða og verkefnið útheimtir breyting á eru fyrst og fremst lög um innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, en þó þyrfti einnig m.a. að skoða mögulegar breytingar á barnalögum nr. 76/2003, lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.<br><br>Með athuguninni er einnig leitast við að varpa ljósi á það fjárhagslega uppgjör sem þyrfti að fara fram í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, komi til slíkrar breytingar á verkaskiptingunni. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eða annað embætti í nágrenni þess. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Vetur 2015-2016. |
| Kostnaður: | Er í mati. |
| Þarf lagabreytingu? | Já |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 4 |
| Næstu skref: | Bíða eftir niðurstöðum úr vinnu KPMG sem vinnur að því að meta faglegan og mögulegan fjárhagslegan ávinning af því að gera breytingar á innheimtu meðlaga. |

**11.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Hjónavígslur** |
| Lýsing verkefnis: | Verkefnið er þríþætt:<br>1. Mat á erlendum hjónavígsluvottorðum og ákvörðun um skráningu hjúskapar í þjóðskrá.<br>Um er að ræða sérhæft verkefni sem krefst sérfræðiþekkingar á mati á erlendum gögnum. Sérfræðiþekking sem þessi þarf að vera bundin við eitt sýslumannsembætti. Ætla má að Útlendingastofnun muni jafnframt nýta sér sérfræðiþekkingu sem byggir á mati á erlendum gögnum.<br>2. Rafrænar tilkynningar á öllum hjónavígslum óháð vígslumanni þ.e. sem felst í að skráningarbreytur eru forskráðar.<br>Verkefnið felst í að skrá í sifjakerfi sýslumanna breytur sem sendar eru rafrænt m.ö.o. forskráðar beint í skráningarvinnslukerfi þjóðskrár. Mikilvægt er að Þjóðskrá Íslands fái einungis þær breytur er varða skráningu í þjóðskrá, en aðrar upplýsingar berist þar til bærum stjórnvöldum (sjá lið 3).<br>3. Upplýsingar til hagskýrslugerðar úr könnun hjónavígsluskilyrða til Hagstofu Íslands.<br>Hagstofa Íslands þarf vegna hagskýrslugerðar upplýsingar úr könnunarvottorðum. Upplýsingar á könnunarvottorðum eru Þjóðskrá Íslands með öllu óviðkomandi. Lagt er til að könnun á hjónavígsluskilyrðum fari eingöngu fram hjá sýslumannsembættum og upplýsingar þar að lútandi séu skráðar í þar til bært kerfi sem kemur upplýsingunum til Hagstofu Íslands vegna hagskýrslugerðar. |
| Hagsmunaaðilar: | Trú- og lífsskoðunarfélög, Hagstofa Íslands, Útlendingastofnun. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að verkefni 1 fari einungis fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni 2 og 3 fari fram hjá öllum sýslumannsembættum. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ.<br>Kostnaður við að byggja upp sérfræðiþekkingu á mati á erlendum gögnum. |
| Þarf lagabreytingu? | Breyta þarf reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Kerfisgerð. Athugið að fyrir liggur þarfagreining um sifjakerfi sýslumanna. Þjóðskrá Íslands gerði athugasemdir við þarfagreininguna er lutu m.a. að aukinni forskráningu varðandi tilkynningar til þjóðskrár og skil á upplýsingum til Hagstofu Íslands vegna hagskýrslugerðar. |

**12.**

| Heiti verkefnis: | **Lögskilnaður** |
|---|---|
| Lýsing verkefnis: | 1. Mat á erlendum gögnum um lögskilnað og ákvörðun um skráningu í þjóðskrá.<br>Um er að ræða sérhæft verkefni sem krefst sérfræðiþekkingar á mati á erlendum gögnum. Sérfræðiþekking sem þessi þarf að vera bundin við eitt sýslumannsembætti. Ætla má að Útlendingastofnun muni jafnframt nýta sér sérfræðiþekkingu sem byggir á mati á erlendum gögnum.<br>2. Rafrænar tilkynningar á öllum lögskilnuðum þ.e. sem felst í að skráningarbreytur eru forskráðar.<br><br>Verkefnið felst í að skrá í sifjakerfi sýslumanna breytur sem sendar eru rafrænt m.ö.o. forskráðar beint í skráningarvinnslukerfi þjóðskrár. Mikilvægt er að Þjóðskrá Íslands fái einungis þær breytur er varða skráningu í þjóðskrá, en aðrar upplýsingar berist þar til bærum stjórnvöldum. |
| Hagsmunaðilar: | Hagstofa Íslands, dómstólar, Útlendingastofnun. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að verkefni 1 fari einungis fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni 2 fari fram hjá öllum sýslumannsembættum. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ. |
| Þarf lagabreytingu? | Nei |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Þarfagreining og kerfisgerð. Athugið að lagt er til að framkvæmd skila dómstóla sé óbreytt en í framtíðinni muni dómstólar skila rafrænt til Þjóðskrár Íslands á sama hátt og sýslumannsembætti.<br>Mikilvægt er í þarfagreiningu þessa verkefnis að skilja ákvarðanir um forsjá barna, hvort heldur um sé að ræða á grundvelli erlendra gagna eða ákvarðana hér á landi frá rafrænum tilkynningum um lögskilnað. |

**13.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Skilnaður að borð og sæng** |
| Lýsing verkefnis: | 1. Mat á gildi erlendra gagna um skilnað að borði og sæng og ákvörðun um skráningu á í þjóðskrá.<br>2. Rafrænar tilkynningar um skilnað að borði og sæng til Þjóðskrár Íslands (forskráning)<br>Sjá nánar lýsingu fyrir verkefni 12 um lögskilnað. |
| Hagsmunaðilar: | Hagstofa Íslands, dómstólar, Útlendingastofnun. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að verkefni 1 fari einungis fram hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni 2 fari fram hjá öllum sýslumannsembættum. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ. |
| Þarf lagabreytingu? | Nei |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Þarfagreining og kerfisgerð. Athugið að lagt er til að framkvæmd skila dómstóla sé óbreytt en í framtíðinni muni dómstólar skila rafrænt til Þjóðskrár Íslands á sama hátt og sýslumannsembætti.<br>Mikilvægt er í þarfagreiningu þessa verkefnis að skilja ákvarðanir um forsjá barna, hvort heldur um sé að ræða á grundvelli erlendra gagna eða ákvarðana hér á landi frá rafrænum tilkynningum um lögskilnað. |

**14.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Forsjá barna** |
| Lýsing verkefnis: | 1. Mat á gildi erlendra gagna um forsjá barna og ákvörðun um skráningu á forsjá í þjóðskrá.<br>2. Rafrænar tilkynningar um forsjárfyrirkomulag til Þjóðskrár Íslands (forskráning)<br>Sjá lýsingu í verkefni 12 um lögskilnað. |
| Hagsmunaðilar: | Hagstofa Íslands, dómstólar, |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að verkefni 1 fari einungis fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni 2 fari fram hjá öllum sýslumannsembættum. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ. |
| Þarf lagabreytingu? | Nei |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Þarfagreining. Athugið að lagt er til að framkvæmd skila dómstóla sé óbreytt en í framtíðinni muni dómstólar skila rafrænt til Þjóðskrár Íslands á sama hátt og sýslumannsembætti.<br>Mikilvægt er í þarfagreiningu þessa verkefnis að skilja ákvarðanir um forsjá barna, hvort heldur um sé að ræða á grundvelli erlendra gagna eða ákvarðana hér á landi frá rafrænum tilkynningum um lögskilnað. |

**15.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Tilkynningar um andlát** |
| Lýsing verkefnis: | 1. Mat á gildi erlendra gagna um andlát og ákvörðun um skráningu andláts í þjóðskrá.<br>2. Rafrænar tilkynningar um andlát til Þjóðskrár Íslands (forskráning).<br>Sýslumenn móttaka dánarvottorð frá aðstandendum og skrá í dánarbúskerfi, frumrit dánarvottorðs er sent til Þjóðskrár Íslands til skráningar og þaðan til Landlæknis til dánarmeinaskrá. Lagt er til að upplýsingar um andlát séu sendar rafrænt til Þjóðskrár Íslands úr dánarbúskerfi í starfskerfi stofnunarinnar til skráningar. Sýslumannsembætti beri ábyrgð á að senda frumrit dánarvottorða til Landlæknis. |
| Hagsmunaðilar: | Hagstofa Íslands, dómstólar, Landlæknir. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Lagt er til að verkefni 1 fari einungis fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni 2 fari fram hjá öllum sýslumannsembættum. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ. Það er mat ÞÍ að kostnaður við verkefnið sé óverulegur. |
| Þarf lagabreytingu? | Já |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Kerfisgerð. |

**16.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Móttaka og forskráning EES/EFTA umsókna** |
| Lýsing verkefnis: | Móttaka EES/EFTA umsókna auk fylgigagna. Rafræn forskráning umsókna í beiðnakerfi þjóðskrár ásamt skönnun fylgigagna. Í þessu felst jafnframt skilríkjaeftirlit þ.e. sannreyna að umsækjandi sé sá sem hann segist vera auk almennra leiðbeininga til umsækjanda. Um er að ræða sambærilega samvinnu og er á milli Útlendingastofnunar og ÞÍ í dag þ.e. forskráning erlendra ríkisborgara og framsending fylgiskjala á milli kerfa. Ein af lykilforsendum þess að flytja verkefnið frá sveitarfélögum yfir til sýslumanna er að á sama stað sé jafnframt þjónusta vegna Vinnumálastofnunar, Tryggingarstofnunar ríkisins og Ríkisskattstjóra þannig að umsækjandi þurfi ekki að leita á marga staði. Markmiðið væri að fækka umsóknarstöðum með áherslu á auðkenningu einstaklinga sem er þróun sem hefur átt sér stað á öllum Norðurlöndunum, en hvergi á NL eru umsóknarstaðir jafn margir og hér á landi. |
| Hagsmunaðilar: | EES/EFTA borgarar og hugsanlega sveitarfélögin. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Öll sýslumannsembætti. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Ræðst af framvindu við kerfisgerð. |
| Kostnaður: | Kostnaður við kerfisgerð hjá sýslumannsembættum og breytingar á núverandi beiðnakerfi ÞÍ. Það er mat ÞÍ að kostnaður við verkefnið sé óverulegur. |
| Þarf lagabreytingu? | Já |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | |
| Næstu skref/athugasemdir | Kerfisgerð. |

**17.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Skönnun þinglýstra mæliblaða landeigna** |
| Lýsing verkefnis: | Frá því að skönnun þinglýstra skjala hófst hjá sýslumönnum hefur stafrænt aðgengi að gögnum batnað stórum. Þarna er þó einn stór galli á því skannarnir sem sýslumenn notast við eru takmarkaðir við tvílita svarthvíta skönnun (engir eða fáir grátónar), og gagnast því takmarkað við skönnun myndrænna gagna eins og mæliblaða og afstöðumynda. Þetta gerir það að verkum að mikill hluti stafræns skjalasafns sýslumanna er innihalda uppdrætti er óaðgengilegur landeignaskrá þar sem mæliblöð vantar í skönnun eða skönnun er ófullnægjandi. Án þessara mæliblaða er ómögulegt að skilgreina legu eignamarka í landeignaskrá eða nota til grundvallar þegar frekari uppskipting landeigna á sér stað.<br><br>Ef mögulegt á að vera að byggja upp landeignaskrá á grunni frumheimilda er skönnun þinglýstra mæliblaða gríðarlega mikilvægt verkefni sem brýnt er að farið sé í fyrr en síðar.<br><br>Markmið verkefnis: Að bæta stafrænt aðgengi að þinglýstum skjölum, sérstaklega þau sem geyma skilgreiningu eignamarka, með því að skanna þau í fullnægjandi gæðum og í lit.<br><br>Ávinningur: Bætt aðgengi að eignamarkaheimildum fyrir skráningu landeigna. Aðgengi að eignamarkaupplýsingum er í raun forsenda frekari þróun landeignaskrár. Tryggari varðveisla gagna. Myndrænir uppdrættir eru gjarnan viðkvæmir og í óheppilegu broti til varðveislu í almennum skjalageymslum.<br>Vanda þarf til verksins því um framtíðarvistun skjala er að ræða. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Margrét Hauksdóttir., Hjörtur Grétarsson. og Tryggvi Már – Þjóðskrá Íslands. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Öll sýslumannsembætti. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Sem fyrst |
| Kostnaður: | Um 500.000 kr. kostnaður á hvern skanna. Þarf að geta skannað inn A-3 og í lit. |
| Þarf lagabreytingu? | Nei |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 5 |
| Næstu skref: | Kaup á skanna fyrir hvert sýslumannsembætti. Leiðbeiningar um skönnun þinglýstra skjala eru fyrirliggjandi og unnið eftir. |

**18.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Skönnun gagna úr lóðamöppum**<br>(Teikningar mannvirkja, skoðunarblöð hjá Þjóðskrá Íslands) |
| Lýsing verkefnis: | ÞÍ hefur tengingu við rafræn teikningasöfn stærstu og meðalstórra sveitarfélaga og ekki er þörf á að skanna teikningar þeirra. En þörf er á að skanna skoðunarblöð og e.t.v. fleiri gögn. Sýslumannsembætti hafa skannað þinglýst skjöl til margra ára og lyklað við viðkomandi fasteign. Þessi verkefni eru í eðli sínu mjög lík og bæði innan fasteignaskráningarkerfisins.<br>Fjöldi fasteigna er 190.000 en fjöldi lóðamappa er færri þar sem eitt fjölbýlishús með mörgum íbúðum (fasteignum) er í einni lóðarmöppu. |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Margrét Hauksdóttir., Hjörtur Grétarsson. og Guðjón Steinsson – Þjóðskrá Íslands. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Hægt að fela einu embætti eða fleirum. Starfsstöðvar ÞÍ eru í Reykjavík og á Akureyri. |
| Tímasetning framkvæmdar: | Sem fyrst |
| Kostnaður: | Um 500.000 kr. fyrir hvern skanna. Hugsanlega er hægt að samnýta skanna í einhverjum tilvikum á einstökum sýslumannsembættum í verkefni 1 og 2. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 2 |
| Næstu skref: | Kaup á skanna. Leiðbeiningar um skönnun framangreindra skjala þarf að útbúa. |

**19.**

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Samþykki á nauðungarvistun** |
| Lýsing verkefnis: | Hlutverk innanríkisráðuneytisins hvað varðar beiðnir um nauðungarvistun einstaklinga á sjúkrahúsi felst í því að yfirfara beiðnir um nauðungarvistun og meðfylgjandi læknisvottorð. Ráðuneytinu ber jafnframt að ganga úr skugga um að lagaskilyrði séu uppfyllt og að ákvörðun um nauðungarvistun sé lögmæt. Tilgangurinn er sá að tryggja réttaröryggi hins nauðungarvistaða. Meðfylgjandi er yfirlit frá 2011-2014 yfir hversu oft ráðuneytið hefur tekið afstöðu til nauðungarvistunar á grundvelli 24. gr. lögræðislaga:<br><br>2014 – 105<br>2013 – 89<br>2012 – 103<br>2011 – 83 |
| Tengiliður ráðuneytis/stofnunar: | Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu. |
| Heiti sýslumannsembættis: | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu |
| Tímasetning framkvæmdar: | Stefnt að 1. janúar 2016 |
| Kostnaður: | Í vinnslu, fjárveiting flyst frá ráðuneytinu til sýslumanns. |
| Tapast þekking (1= lítil, 5=mikil) | 1 |
| Kjarnastarfsemi (1=lítil, 5=mikil) | 1 |
| Næstu skref: | Kostnaðarmat og frumvarp. |

# Viðauki 1. Svör frá ráðuneytum

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Ráðuneytið sendi frá sér greinargerð þar sem fram kom að leitað hefði verið til 11 stofnana en engar tillögur hefðu komið fram um verkefni sem hægt væri að flytja til sýslumanna. Nokkrar stofnananna eru ekki stjórnsýslustofnanir heldur sinna fyrst og fremst rannsóknum og þróunar- og tækniverkefnum. Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna sem sinnt hefur fjármála- og bókhaldsutanumhaldi fyrir nokkrar stofnanir og sjóði ráðuneytisins verður lögð niður frá og með 1. janúar 2015 og verkefni hennar flytjast til hlutaðeigandi stofnana. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum hagrætt verkefnum með tilflutningi og/eða verklagsbreytingum, meðal annars til sýslumannsembætta. Matvælastofnun hefur til að mynda nýlega gert samning við Sýslumannsembættið á Blönduósi um innheimtu stjórnsýslu- og dagsekta sem stofnunin ákvarðar á grundvelli laga. Innheimta á öðrum gjöldum stofnunarinnar hefur verið hjá Sýslumanni á Selfossi en flyst nú til hlutaðeigandi sýslumannsembætta.

Leitað var til Byggðastofnunar, Einkaleyfastofu, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Matvælastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Orkustofnunar, Samkeppniseftirlitsins, Skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna og Veiðimálastofnunar. Svar barst til forsætisráðuneytisins frá Orkustofnun.

## Fjármálaráðuneytið

Niðurstaða fjármálaráðuneytisins var að ekki þótti fýsilegt að flytja nein þeirra verkefna sem voru rædd utan mögulega eins sem varðaði innheimtu skatta og gjalda. Embætti tollstjóra tók saman minnisblað (sjá viðauka 4) að beiðni ráðuneytisins þar sem fram kom að ef breytingarnar ná fram að ganga gæti mögulega skapast af því óhagræði þar sem tveir (eða fleiri) innheimtumenn gætu verið að sækja að sama einstaklingi, sem stangast á við grunnhugsunina um einn áningarstað og gegnsæi opinberrar starfsemi/þjónustu. Einnig var rætt um að flytja umsýslu varðandi Starfatorg og verður þeirri umræðu haldið á lofti þar til endanleg niðurstaða fæst. Því verkefni fylgir ekkert fé nema vegna birtingar vikulegrar auglýsingar í Fréttablaðinu á laugardegi. Því er nú sinnt af einum ritara ráðuneytisins hálfan dag í viku.

## Forsætisráðuneytið

Til greina kom að flytja fjögur verkefni frá forsætisráðuneytinu til sýslumannsembætta en ekkert þeirra þótti henta til flutnings. Verkefnin voru eftirfarandi:

1. Eftirfylgni með fánalögum.
2. Flutningur starfsmanns úrskurðarnefndar um upplýsingamál með starfstöð á höfuðborgarsvæðinu þar sem nefndin starfar.
3. Verkefni á sviði þjóðlenda.
4. Verkefni á sviði menningararfs. Rætt var við Kristínu Huld Sigurðardóttur hjá Minjastofnun um mögulega aðkomu sýslumanna að vöktun eftirlits með sölu húsa og jarða sem tengjast þjóðminjavörslu. Einnig gætu sýslumenn upplýst um kvaðir friðaðra og friðlýstra minja og haft augun opin hvað varðar rask minjastaða. Minjastofnun yrði gert viðvart þegar þörf krefði en samvinna við sýslumenn gæti gert það að verkum að fólk tæki meira mark á lögum um verndun menningarminja. Kristín er afar jákvæð gagnvart samstarfi við sýslumenn og mun senda lista yfir verkefni.

## Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Svör bárust ekki frá ráðuneytinu.

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Málið var tekið upp hjá yfirstjórn ráðuneytisins og var ekki talið að nein verkefni sem eru nú hjá ráðuneytinu sjálfu hentuðu til flutnings. Ráðuneytið sendi að auki bréf út til allra stofnana sinna, 13 talsins, og óskaði eftir að þær skoðuðu málið og sendu ráðuneytinu svar, hvort sem þær teldu að fyrir hendi væru verkefni sem hentuðu til flutnings eða ekki. Einungis bárust svör frá fjórum stofnunum sem voru Landgræðsla ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Engin stofnananna taldi að fyrir væru verkefni sem hentuðu til flutnings. Náttúrufræðistofnun Íslands benti á eitt verkefni sem hefði verið skoðað og hafði eftirfarandi um það að segja:

> „Náttúrufræðistofnun telur vegna hlutverks stofnunarinnar sbr. lög nr. 60/1992 að hún hafi ekki með höndum verkefni sem falli vel að starfsemi sýslumannsembætta. Til dæmis hefur stofnunin aðeins með höndum eina tegund leyfisveitingar þ.e. vegna útflutnings á náttúrugripum. Heimild eða höfnum á útflutningi byggir á faglegu mati á því hvort um er að ræða náttúrugrip eða ekki sem aftur byggir að mestu á gögnum stofnunarinnar sjálfrar um viðkomandi mál. Þau fagsvið sem hér um ræðir eru ekki fyrir hendi á sýslumannsembættum og væri því enginn ávinningur í að flytja slíkt frá stofnuninni."

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið ítrekaði beiðni sína til þeirra níu stofnana sem svöruðu ekki erindinu.

## Utanríkisráðuneytið

Skoðað var hvort möguleiki væri á því að færa til sýslumanna svokallaða Apostille staðfestingu skjala. Við nánari skoðun í ráðuneytinu varð niðurstaðan sú að ekki hentaði að færa það verkefni til sýslumanna að svo stöddu.

## Velferðarráðuneytið

Engin verkefni innan velferðarráðuneytisins þóttu henta til flutnings til sýslumanna. Velferðarráðuneytið hafði samband við Sjúkratryggingar Íslands sem hafa ákveðin verkefni nú hjá sýslumönnum. Fengust þær upplýsingar að viðræður við félag sýslumanna hefðu átt sér stað fyrir nokkrum árum vegna þess að Sjúkratryggingar sáu fyrir sér að tiltekin verkefni gætu farið yfir til sýslumanna. Duttu þær viðræður niður og þykir líklegt að efnahagshrunið hafi sett þar strik í reikninginn. Sjúkratryggingar Íslands benda hins vegar á að samhliða aukningu í rafrænni afgreiðslu hafi verkefnum hjá sýslumönnum fækkað sem hafi orðið til þess að svigrúm fyrir frekari verkefni hjá sýslumönnum ætti að hafa aukist. Þetta svigrúm vilja Sjúkratryggingar Íslands nýta sér en það felur í sér að ekki yrði um að ræða flutning á fjármagni samhliða flutningi verkefna. Verið er að horfa til verkefna eins og símsvörun, móttöku gagna og afgreiðslu ferðareikninga svo eitthvað sé nefnt. Ragnar Gunnarsson hjá Sjúkratryggingum ætlar að endurvekja umræðu Sjúkratryggingastofnunar við félag sýslumanna og halda áfram þar sem frá var horfið.

Einnig kom til greina að flytja afgreiðslu varðandi innflytjendamál en niðurstaðan var sú að betra væri að hafa afgreiðsluna innan ráðuneytisins þar sem sérþekking er til staðar á málaflokknum.

# Viðauki 2. Hugmyndir frá sýslumönnum sem náðu ekki fram að ganga

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

### Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Umsýsla með ýmsum málum skv. jarðalögum nr. 81/2004. Lausn lands úr landbúnaðarnotum skv. 6. gr., staðfesting landskipta skv. 13. gr., staðfesting á sameiningu jarða eða jarðahluta skv. 15. gr., lausn úr óðalsböndum skv. 51.-52. gr. Hugsanlega einnig leyfi til stofnunar lögbýlis skv. V. kafla laganna – það er þó öðruvísi málaflokkur og krefst enn meiri sérþekkingar. |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já. Verkefnin krefjast sér kunnáttu og eru ekki háð neinu mati stjórnvalds, heldur því að skilyrði laganna um form og fylgigögn séu uppfyllt. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Á meðan fyrrnefnd ákvæði jarðalaga um staðfestingu á landskiptum, sameiningu, lausn úr landbúnaðarnotum og lausn úr óðalsböndum eru inni í jarðalögum, um tiltölulega stöðluð afgreiðsluverkefni er að ræða að mati sýslumanns. Verkefnin krefjast sérkunnáttu og eru ekki háð neinu mati stjórnvalds, heldur því að skilyrði laganna um form og fylgigögn séu uppfyllt. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Verkefnin eru ekki háð neinu mati stjórnvalds, heldur því að skilyrði laganna um form og fylgigögn séu uppfyllt. |

### Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Málefni erlendra ferðamanna er varðar stjórnsýslu, og réttarstöðu almennt. - Upplýsingamiðstöð |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 3

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Útgáfa prófskírteina og allra handa löggildingar. Útgáfa sveins- og meistarabréfa í iðngreinum.<br>Leyfisveitingar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur með höndum. |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/verkefni/leyfisveitingar/upplysingar-um-leyfi/ |

## Tillaga 4

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Útgáfa dyravarðaleyfa |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Um dyravörsluna fer eftir lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem eru á verkefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Sýslumenn gefa út rekstrarleyfi til veitingastaða skv. þessum lögum, en skv. reglugerð nr. 585/2007, sem sett er á grundvelli þeirra, eru það lögreglustjórar og Ríkislögreglustjóri sem veita dyravörðum leyfi og kveða á um þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 5

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Álagning og innheimta vantryggingagjalds. (Nýtt verkefni / þarfnast lögfestingar) |
| Samráðsaðilar: | |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Líklegt má telja að þetta verkefni kalli á allt að tvo starfsmenn en veruleg samlegð ætti að nást með þessu og innheimtu vanrækslugjaldsins. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Af hálfu embættis sýslumannsins í Bolungarvík hefur í tengslum við framlagningu frumvarpa til laga um ökutækjatryggingar verið bent á nýtt og væntanlega skilvirkt úrræði gagnvart þeim sem vanrækja að tryggja ökutæki sín lögmæltum tryggingum. Felur það í sér að allir þeir sem sætt hafa uppsögn lögboðinna tygginga á ökutækjum sem skráð eru í umferð, sæti álagningu gjalds í innheimtukerfi ríkissjóðs, sem legðist á mánaðarlega í allt að 10 mánuði. Gjaldið væri með lögveð í ökutækinu og beinni uppboðsheimild. |

## Tillaga 6

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Gjöld Matvælastofnunar |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 7

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Álagning og innheimta vantryggingagjalds |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Um nokkurra missera skeið í tengslum við framlagningu frumvarpa til laga um ökutækjatryggingar hefur verið bent á nýtt og væntanlega skilvirkt úrræði gagnvart þeim sem vanrækja að tryggja ökutæki sín lögmæltum tryggingum. Felur það í sér að allir þeir sem sætt hafa uppsögn lögboðinna tryggingа á ökutækjum sem skráð eru í umferð, sæti álagningu gjalds í innheimtukerfi ríkissjóðs, sem legðist á mánaðarlega í allt að 10 mánuði. Gjaldið væri með lögveð í ökutækinu og beinni uppboðsheimild. Þar sem frumvarp til sérstakra laga um ökutækjatryggingar verður ekki lagt fram á þessu þingi mælir margt með því að gerð verði einföld breyting á umferðarlögum og reglugerð um sektir og önnur viðurlög. Líklegt má telja að þetta verkefni kalli á allt að tvo starfsmenn en veruleg samlegð ætti að nást með þessu og innheimtu vanrækslugjaldsins. |

## Tillaga 8

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Eftirlitsnefnd fasteignasala |
| Samráðsaðilar: | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala samkvæmt lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Samkvæmt 19. gr. laganna starfar Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala sem skal skv. 20. gr. hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga þessara, siðareglur félagsins og góðar venjur í fasteignasölu. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um sölu fasteigna og skipa í þingskjali 234 — 208. mál. Þar er í 5. gr. áfram gert ráð fyrir að sýslumaður gefi út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala. Um eftirlit með störfum fasteignasala er fjallað í III. kafla frumvarpsins og gert ráð fyrir að eftirlit verði á hendi sérstakrar eftirlitsnefndar fasteignasala.<br>Hér er gerð tillaga um það að í stað þess að setja á laggirnar sérstaka eftirlitsnefnd verði eftirlitið á hendi stjórnvaldsins sem annast leyfisveitinguna sem er fallið til einföldunar. Ákvörðun stjórnvaldsins verður þá kæranleg til ráðherra með sama hætti og ákvörðun eftirlitsnefndar. |

## Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Innheimta gjaldfallinna en ógreiddra útlána LÍN. |
| Samráðsaðilar: | Mennta- og menningarmálaráðuneytið<br>Lánasjóður íslenskra námsmanna<br>Fjársýsla ríkisins<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já, verkefnið krefst þekkingar á sviði innheimtu fyrir hönd ríkisins. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Ólíklega. Fram að þessu hefur vanskilainnheimta LÍN verið falin einkaaðilum með ærnum kostnaði fyrir skuldara. Velta má fyrir sér nauðsyn þess að sá háttur sé hafður á þegar sambærileg sérhæfing á sviði innheimtu hefur skapast innan tiltekinnar ríkisstofnunar sem gæti tekið verkefnin að sér. |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Greina þyrfti umfang verkefnisins með tilliti til fjölda starfsmanna, húsnæðis, búnaðar o.s.frv. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Dregið yrði verulega úr þeim kostnaði sem skuldarar hljóta af innheimtunni, án þess að dregið yrði úr gæðum innheimtunnar eða kröfuhafi bæri tjón af. |

### Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Upplýsingamiðlun fyrir tollgæsluna |
| Samráðsaðilar: | Tollgæslan<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Lagt til að færa til sýslumanna það verkefni að leiðbeina fólki í síma um innflutning. Vel mætti hugsa sér að einnig yrði leiðbeint um aðra hluti stjórnsýslunnar og sérstakir starfsmenn þjálfaðir upp í að svara í símann um verklag á ýmsum sviðum stjórnsýslu. Má þar nefna símsvörun sem gæfi upplýsingar um stöðu manna í TBR á landsvísu o.fl. |

### Tillaga 3 (einnig tillaga nr. 1 undir forsætisráðuneyti)

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Innheimta málskostnaðar í málum sem falla til þar sem stefnanda er gert að greiða ríkissjóði tildæmdan málskostnað. |
| Samráðsaðilar: | Ríkislögmaður<br>Fjársýsla ríkisins<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið<br>Forsætisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já, verkefnið krefst sérstakrar þekkingar á sviði innheimtu fyrir hönd ríkisins. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Ólíklegt. Skv. upplýsingum hefur vanskilainnheimta ríkislögmanns verið falin einkaaðilum, væntanlega með ærnum kostnaði fyrir skuldara. Velta má fyrir sér nauðsyn þess að sá háttur sé hafður á þegar sambærileg sérhæfing á sviði innheimtu hefur skapastinnan tiltekinnar ríkisstofnunar sem gæti tekið verkefnin að sér. |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Greina þyrfti umfang verkefnisins með tilliti til fjölda starfsmanna, húsnæðis, búnaðar o.s.frv. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Dregið yrði úr þeim kostnaði sem skuldarar hljóta af innheimtunni, án þess að dregið yrði úr gæðum innheimtunnar eða kröfuhafar bæru tjón af.<br><br>Að flytja innheimtu málskostnaðar sem tildæmdur er ríkissjóði og mögulega annarrar innheimtu fyrir ríkislögmann til innheimtumiðstöðvarinnar hér við embættið, með vísan til þess hagræðis, samlegðaráhrifa og annarra kosta sem sú aðgerð verður talin hafa í för með sér. |

### Tillaga 4

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Umsjón með fasteignum ríkissjóðs innan umdæmisins. |
| Samráðsaðilar: | FASTRIK<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Þessu verkefni hefur verið sinnt af einkaaðilum í samvinnu við FASTRIK. Það hefur verið nokkuð á reiki hvernig að þessu hefur verið staðið. Koma mætti upp teymi 2-4 manna sem annaðist þetta. Þetta er svokölluð innvistun til mótvægis við alla útvistunina. |

## Tillaga 5

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Tillaga um að innheimta allra bifreiðagjalda skv. lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald, innheimta úrvinnslugjalds samkvæmt 5. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og innheimta kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds samkvæmt II. kafla laga nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald verði færð til embættis sýslumanns. |
| Samráðsaðilar: | Fjármála- og efnahagsráðuneytið<br>Innanríkisráðuneytið<br>Tollstjóri |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Við innheimtu bifreiðagjalda og kílómetragjalds má gera ráð fyrir að til yrðu a.m.k. tvö sérhæfð störf sem jafnframt gætu nýst vel við innheimtu vanrækslugjalds og við vinnu við álagningu og innheimtu vantryggingagjalds yrðu til a.m.k. önnur tvö störf, sé miðað við að verklag verði á þeim nótum sem tillögur gera ráð fyrir. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 6

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Umsjón með vefnum starfatorg.is |
| Samráðsaðilar: | Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 7

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Jarðadeild fjármálaráðuneytisins |
| Samráðsaðilar: | Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Annað hvort flutt með manni og mús til sýslumannsembættis eða verkefni hennar, án starfsmanna flutt til embættis. |

## Tillaga 8

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Eftirlit með erlendum ökutækjum. |
| Samráðsaðilar: | Tollstjóri<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Verkefni sem hefur verið hjá tollstjóra. |

# Forsætisráðuneytið

## Tillaga 1 (einnig tillaga nr. 3 undir fjármálaráðuneyti)

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Innheimta málskostnaðar í málum sem falla til þar sem stefnanda er gert að greiða ríkissjóði tildæmdan málskostnað. |
| Samráðsaðilar: | Ríkislögmaður<br>Fjársýsla ríkisins<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið<br>Forsætisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já, verkefnið krefst sérstakrar þekkingar á sviði innheimtu fyrir hönd ríkisins. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Ólíklegt. Skv. upplýsingum hefur vanskilainnheimta ríkislögmanns verið falin einkaaðilum, væntanlega með ærnum kostnaði fyrir skuldara. Velta má fyrir sér nauðsyn þess að sá háttur sé hafður á þegar sambærileg sérhæfing á sviði innheimtu hefur skapast innan tiltekinnar ríkisstofnunar sem gæti tekið verkefnin að sér. |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Greina þyrfti umfang verkefnisins með tilliti til fjölda starfsmanna, húsnæðis, búnaðar o.s.frv. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Dregið yrði úr þeim kostnaði sem skuldarar hljóta af innheimtunni, án þess að dregið yrði úr gæðum innheimtunnar eða kröfuhafar bæru tjón af.<br>Að flytja innheimtu málskostnaðar sem tildæmdur er ríkissjóði og mögulega annarrar innheimtu fyrir ríkislögmann til innheimtumiðstöðvarinnar hér við embættið, með vísan til þess hagræðis, samlegðaráhrifa og annarra kosta sem sú aðgerð verður talin hafa í för með sér. |

## Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Umsjón með þjóðlendum |
| Samráðsaðilar: | Forsætisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Verkefni sem forsætisráðuneytið fer með nú og yrði þá unnið í umboði ráðuneytisins eða a.m.k. starfsmaður þjóðlendumála yrði staðsettur hjá sýslumannsembætti, eins og var eina tíð hjá Sýslumanni Snæfellinga |

## Tillaga 3

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Málefni íslenska þjóðfánans |
| Samráðsaðilar: | Forsætisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Lengi hefur staðið til að setja lög og verið lögð fram frumvörp þess efnis á vegum forsætisráðuneytisins, hvernig m.a. skuli haga notkun þjóðfánans sem vörumerkis og leyfisveitingar til þeirra sem vilja nota þjóðfánann í þeim tilgangi. Bændur hafa m.a. lengi kallað eftir lagasetningu um þessi mál. |

# Innanríkisráðuneytið

## Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Nefnd um eftirlit með málskostnaði |
| Samráðsaðilar: | Innanríkisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Hér er gerð tillaga um að nefnd um eftirlit með málskostnaði í opinberum málum verði lögð niður og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falið að annast hlutverk nefndarinnar. Nefndin fjallar um kostnað vegna opinberra mála sem lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.) taka til. Þær gilda einnig um kostnað vegna lögræðis-, einkamála og útlendingamála, um formskilyrði og frágang reikninga og fylgiskjala þeirra.<br>Að auki mætti fela sýslumanni að hafa eftirlit með málskostnaði við nauðungarsölur og varðar gjaldtöku lögmanna samkvæmt kröfulýsingum. Einnig að fylgjast með málskostnaði lögmanna sem dómstólar skipa skiptastjóra við opinber skipti dánar- og þrotabúa. |

## Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Nefnd um eftirlit með málskostnaði |
| Samráðsaðilar: | Innanríkisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Hér er gerð tillaga um að nefnd um eftirlit með málskostnaði í opinberum málum verði lögð niður og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falið að annast hlutverk nefndarinnar. Nefndin fjallar um kostnað vegna opinberra mála sem lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.) taka til. Þær gilda einnig um kostnað vegna lögræðis-, einkamála og útlendingamála, um formskilyrði og frágang reikninga og fylgiskjala þeirra.<br>Að auki mætti fela sýslumanni að hafa eftirlit með málskostnaði við nauðungarsölur og varðar gjaldtöku lögmanna samkvæmt kröfulýsingum. Einnig að fylgjast með málskostnaði lögmanna sem dómstólar skipa skiptastjóra við opinber skipti dánar- og þrotabúa. |

## Tillaga 3

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Framleiðsla vegabréfa |
| Samráðsaðilar: | Innanríkisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, önnur sýslumannsembætti o.fl. |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Verkefnið krefst ekki sérstakrar sérfræðiþekkingar enda eru vegabréfabækur forprentaðar með tilheyrandi öryggisþáttum og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Ekki verður séð að þekking tapist við flutning verkefnisins. |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Lagt er til að framleiðsla /útgáfa almennra vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem nú eru gefin út af Þjóðskrá sbr. 2. gr. stafl. a. reglugerðar um íslensk vegabréf nr. 560/2009 færist til embættisins. Umsóknir um vegabréf eru að mestu leyti lagðar fram hjá sýslumönnum og þar eru myndir teknar af umsækjendum og fingraför þeirra skráð. Tilbúin vegabréf eru einnig afhent vegabréfshöfum að stórum hluta til hjá sýslumönnum. Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu eru nálægt ⅔ hlutar allra umsókna um vegabréf afgreidd og eru augljós samlegðaráhrif af því að embættið hafi framleiðslu /útgáfu vegabréfa einnig með höndum. Slíkt fyrirkomulag gerir einnig kleift að stytta afhendingartíma nýrra vegabréfa og auðveldar veitingu neyðarþjónustu. |

## Tillaga 4

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Nauðsamninganefnd |
| Samráðsaðilar: | |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Gerð tillaga um að Nauðasamninganefnd sem starfar á grundvelli laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga nr. 65/1996 verði lögð niður og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu falið að annast hlutverk nefndarinnar f.h. ráðherra. |

## Tillaga 5

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Bætt ferli við afskráningu ökutækja |
| Samráðsaðilar: | |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Í tengslum við álagningu og innheimtu vanrækslugjalds hefur komið í ljós að mikill fjöldi ökutækja hefur verið skráður í umferð í ökutækjaskrá þótt allar fyrirliggjandi upplýsingar bendi til að ökutækið sé ekki lengur til eða í notkun. Þótt álagning bifreiðagjalda og vanrækslugjalds á eigendur þessara ökutækja ætti að hvetja þá til að afskrá ökutæki sín er oft eins og það dugi ekki til og ökutækin safna á sig gjöldum sem í flestum tilfellum er illmögulegt að innheimta. Er þá um að ræða þrotabú, (áhugamanna)félög, útlendinga eða erlendis búsetta einstaklinga, einstaklinga sem misst hafa tök á fjármálum sínum og láta sér á sama standa um allar álagningar o.fl. Fyrr á þessu ári gerði embættið tillögu um að yfir 1.000 ökutæki yrðu afskráð í ökutækjaskrá og var það gert og þau skráð týnd. Skráðum eigendum var ekki tilkynnt um þetta og ökutækin einfaldlega skráð sem týnd. |

## Mennta- og menningarmálaráðuneytið

### Tillaga 1 (sbr. tillaga nr. 1 hjá fjármálaráðuneyti)

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Innheimta gjaldfallinna en ógreiddra útlána LÍN. |
| Samráðsaðilar: | Mennta- og menningarmálaráðuneytið<br>Lánasjóður íslenskra námsmanna<br>Fjársýsla ríkisins<br>Fjármála- og efnahagsráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já, verkefnið krefst þekkingar á sviði innheimtu fyrir hönd ríkisins. |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Ólíklega. Fram að þessu hefur vanskilainnheimta LÍN verið falin einkaaðilum með ærnum kostnaði fyrir skuldara. Velta má fyrir sér nauðsyn þess að sá háttur sé hafður á þegar sambærileg sérhæfing á sviði innheimtu hefur skapast innan tiltekinnar ríkisstofnunar sem gæti tekið verkefnin að sér. |
| Hvert er umfang verkefnisins: | Greina þyrfti umfang verkefnisins með tilliti til fjölda starfsmanna, húsnæðis, búnaðar o.s.frv. |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Dregið yrði verulega úr þeim kostnaði sem skuldarar hljóta af innheimtunni, án þess aðdregið sér úr gæðum innheimtunnar eða kröfuhafi beri tjón af. |

### Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Útgáfa prófskírteina og allra handa löggildingar. Útgáfa sveins- og meistarabréfa í iðngreinum.<br>Leyfisveitingar í mennta og menningarmálaráðuneytinu til kennara. |
| Samráðsaðilar: | Mennta- og menningarmálaráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | http://www.menntamalaraduneyti.is/starfsleyfi/ |

# Velferðarráðuneytið

## Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Símsvörun fyrir Tryggingastofnun Ríkisins á landsvísu. |
| Samráðsaðilar: | Velferðarráðuneytið<br>Tryggingastofnun ríkisins |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Þjálfa þyrfti starfsmenn upp í að veita upplýsingar um ýmsa bótaflokka og svara fyrir hitt og þetta |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Sérdeild er annast innheimtu gjalda af starfsmannaleigum og sérhæfi sig í slíkri innheimtu og eftir atvikum erlendri innheimtu. |
| Samráðsaðilar: | Velferðarráðuneytið<br>Vinnumálastofnun |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 3

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Aukin verkefni frá Sjúkratryggingum Íslands og Tryggingastofnun |
| Samráðsaðilar: | Sjúkratryggingar – Velferðarráðuneytið<br>Tryggingastofnun - Velferðarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Þ.m.t. bakvinnsluverkefni sem eitt embætti gæti unnið á landsvísu, vitað er að vilji er hjá Sjúkratryggingum Íslands til að koma að þessari hugmynd. |

## Tillaga 4

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Afgreiðsla fyrir Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit |
| Samráðsaðilar: | Vinnumálastofnun - Velferðarráðuneyti<br>Vinnueftirlit - Velferðarráðuneyti |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Afgreiðsla fyrir Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit í héraði til viðbótar við þau afgreiðsluverkefni sem embættin hafa nú þegar fyrir Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar, en rætt hefur verið um að taka þau verkefni frá sýslumanni og velferðarráðuneytið komi upp eigin útibúum. Nær væri að færa allar þessar afgreiðslur til sýslumannsembætta, sem eru umboðsmenn framkvæmdavald ríkisins í héraði – one stop shop- hugmyndin. |

## Tillaga 5

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Afgreiðsla varðandi málefni innflytjenda. |
| Samráðsaðilar: | Velferðarráðuneyti |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | Nei |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | |

## Tillaga 6

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni |
| Samráðsaðilar: | Velferðarráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | Já |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Hér er gerð tillaga um að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annist það hlutverk sem nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er ætlað samkvæmt frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Nú er til kynningar á heimasíðu velferðarráðuneytis frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Þar er í 7. gr. gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök nefnd sem er ætlað að veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni. Samkvæmt lögum um ættleiðingar veitir sýslumaður leyfi til ættleiðingar og gefur út forsamþykki hér á landi vegna ættleiðingar erlends barns. Á grundvelli reglugerðar nr. 1264/2011 var sýslumanninum í Reykjavík falið að annast þetta hlutverk og tekur Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu við því hlutverki um áramót.<br>Staðgöngumæðrun og ættleiðing eru í raun náskyld verkefni og málsmeðferð svipuð um margt. Við blasir að góð samlegð getur orðið af því að hafa báða málaflokka á einni hendi. Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu starfa nú þegar sérfræðingar á þeim sviðum sem frumvarpið nefnir; lögfræðingar, félagsráðgjafi og sálfræðingur. Embættið er því vel í stakk búið til að annast það hlutverk. |

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

### Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Gjöld til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis – Innheimt á einum stað |
| Samráðsaðilar: | Umhverfis- og auðlindaráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Innheimta gjalds í umhverfissjóðs sjókvíaeldis skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. lög nr. 49/2014 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.). Um nýlegt gjald er að ræða og var innheimtumönnum tilkynnt í tölvupósti 5. nóvember að þeir ættu að annast innheimtu þessa gjalds. Án þess að það hafi verið skoðað ítarlega sýnist um innheimtu að ræða sem hentað gæti betur að væri á einni hendi og þá mætti vel skoða að hún væri hjá sama aðila og hjá innheimtumanni veiðigjalda. |

# Utanríkisráðuneytið

## Tillaga 1

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Bókhaldsþjónusta |
| Samráðsaðilar: | Utanríkisráðuneytið |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Embætti sýslumannsins í Vík hefur undanfarin 6 ár fært bókhald fyrir 4 ísl. sendiráð erlendis, þetta verkefni má hæglega auka. |

## Tillaga 2

| | |
|---|---|
| Tillaga að verkefnaflutningi: | Vottun skjala (Apostille) en ekki er víst að hægt sé að flytja vottunina úr ráðuneytinu vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Tillagan kemur frá UTN. |
| Samráðsaðilar: | Utanríkisráðuneytið. |
| Krefst verkefnið sérstakrar sérþekkingar: | |
| Myndi tapast þekking við verkefnaflutninginn: | |
| Hvert er umfang verkefnisins: | |
| Rök fyrir verkefnaflutningi: | Flutningur yrði árið 2016 ef hægt er að flytja verkefnið. |

## Viðauki 3. Minnisblað tollstjóra fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið

**Dags.:** 25. nóvember 2014

**Til:** Snorra Olsen

**Frá:** Innheimtusviði

**Afrit:** Fjármála- og efnahagsráðuneytið

**Efni:** Fyrirkomulag innheimtu skatta og gjalda - Innheimtuumdæmi

---

Vísað er til fyrirspurnar um kosti þess annars vegar að innheimtumenn ríkissjóðs sjái alfarið um innheimtu skatta og gjalda sem lögð eru á gjaldendur með lögheimili í umdæmum þeirra og hins vegar að einn innheimtumaður ríkissjóðs hafi umsjón með innheimtu einstakra gjaldtegunda á landsvísu. Almenna reglan er sú að innheimtumaður ríkissjóðs innheimti öll opinber gjöld sem lögð eru á gjaldendur í umdæmi hans. Undantekningar frá reglunni er innheimta á ýmsum gjöldum á landsvísu svo sem innheimta sekta og sakarkostnaðar sem er á forræði Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi, innheimta vanrækslugjalds vegna óskoðaðra ökutækja sem er á forræði sýslumannsins í Bolungarvík og innheimta sekta ársreikningaskrár sem er á forræði Tollstjóra.

Tollstjóri innheimtir skatta og gjöld sem lögð eru á íbúa í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur ásamt 23 innheimtumönnum ríkissjóðs sem innheimta gjöldin hver í sínu umdæmi. Við gildistöku laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði þann 1. janúar 2015 fækkar innheimtumönnum ríkissjóðs í 9. Núverandi innheimtumenn á höfuðborgarsvæðinu innheimta um 80% allra álagðra skatta og gjalda í landinu.

### Kostnaður gjaldenda vegna innheimtuaðgerða

Opinber gjöld í vanskilum eru almennt innheimt með fjárnámsbeiðni. Kostnaður við slíka beiðni er að lágmarki 5.900 kr. Líkur eru á að gjaldandi yrði fyrir meiri kostnaði ef innheimta einstakra gjaldflokka væri slitin frá þeim innheimtumanni þar sem viðkomandi gjaldandi býr. Það er reynsla tollstjóra að sé gjaldandi í vanskilum með t.d. greiðslu vanrækslugjalds vegna óskoðaðra ökutækja eða sektar vegna umferðarlagabrots eru talsverðar líkur á að hann skuldi einnig önnur opinber gjöld. Staðan getur verið sú að gjaldandi fái á sig aðfararbeiðni vegna t.d. vanrækslugjalds frá innheimtumanni ríkissjóðs á Vestfjörðum með tilheyrandi kostnaði og aðra vegna annarra vangoldinna gjalda frá þeim innheimtumanni þar sem hann býr. Í stað þess að viðkomandi gjaldandi þyrfti einungis að greiða kostnað vegna einnar aðfararbeiðni ef innheimta allra gjalda væri á forræði þess innheimtumanns þar sem gjaldandi á lögheimili. Augljóst er að breytt fyrirkomulag í þá veru að innheimta einstakra gjaldtegunda væri falin einum innheimtumanni á landsvísu yrði kostnaðarsamara fyrir gjaldanda sem er í vanskilum og þá má ekki gleyma því óhagræði sem það hefði í för með sér fyrir gjaldanda leiti hann eftir greiðslusamkomulagi. Þá yrði staðan sú að gjaldandi yrði að leita til tveggja eða fleiri innheimtumanna eftir atvikum til að gera greiðsluáætlanir um vangoldin opinber gjöld. Það er á skjön við stefnu stjórnvalda að einfalda samskipti borgara við stjórnvöld.

### Mætingar í fyrirtökum hjá sýslumanni

Ef tekið er dæmið um innheimtu í umdæmi tollstjóra þá sjá löglærðir fulltrúar tollstjóra um mætingar hjá sýslumanninum í Reykjavík vegna aðfararbeiðna og annarra fullnustugerða fyrir sýslumenn (innheimtumenn ríkissjóðs) utan höfuðborgarsvæðisins. Sem dæmi má nefna að tollstjóri sá um 1400 mætingar hjá sýslumanninum í Reykjavík fyrir Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi árið 2013.

### Niðurstaða

Af ofangreindu má sjá að fyrirkomulag á innheimtu skatta og gjalda þar sem einn innheimtumaður fari með innheimtu opinberra gjalda í sínu umdæmi stuðlar að lægri kostnaði fyrir gjaldendur sem lenda í vanskilum og minni kostnaðar fyrir innheimtumenn ríkissjóðs vegna mætinga löglærðra fulltrúa hjá sýslumanni. Innheimtustefna tollstjóra byggir á því að innheimta opinberra gjalda sé einföld, skilvirk og árangursrík, ásamt því að vera ekki óþarflega íþyngjandi fyrir þá gjaldendur sem lenda í vanskilum. Í hnotskurn má segja að það fyrirkomulag á innheimtu opinberra gjalda að hafa innheimtu opinberra gjalda skipta á milli innheimtumanna í einu og sama umdæmi leiði til aukins kostnaðar við innheimtuna og flóknara umhverfis fyrir hinn almenna borgara. Það er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um einfaldara regluverk og aukið gagnsæi í stjórnsýslu.